

## AUGLÝSING

### um ábyrgðartryggingu ökutækja o. fl.

#### 1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 350 000 000 kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 75 000 000 kr. vegna tjóns á munum.

#### 2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 14 000 000 kr.

#### 3. gr.

Eigin áhætta váttryggingartaka sem almennt má áskilja í ábyrgðartryggingu ökutækis, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um ábyrgðartryggingu ökutækja o. fl., nr. 307 15. júní 1988, skal vera allt að 21 000 kr. ef tjónið nemur þeirri fjárhæð en ella að fullu.

#### 4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. mars 1990.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 65 27. febrúar 1989.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1990.*

F. h. r.  
**Þorsteinn Geirsson.**

Jón Thors.